



Verið velkomin á skrifstofur okkar á Akureyri, Dalvík og Fjallabyggð

AF HVERJU STÉTTARFÉLÖG?

Hlutverk stéttarféлага er fyrst og fremst að semja um laun og önnur starfskjör í kjarasamningum fyrir hönd félagsmanna sinna og gæta hagsmuna þeirra á vinnumarkaði.

ATHUGIÐ!

ÖLL MÁL SEM KOMA TIL FÉLAGSINS ERU TRÚNAÐARMÁL

HAFÐU RÉTTINDIN ÞÍN Í LAGI!

FÉLAGSGJALD

TIL EININGAR-ÍÐJU FÆRIR ÞÉR M.A.:

Þjónustuskrifstofur og aðgang að starfsmönnum félagsins.

Upplýsingar um réttindi og skyldur.

Upplýsingar um kaup og kjör.

Aðstoð við að yfirfara launaseðla.

Aðkomu félagsins í vinnustaðasamningum og við gerð ráðningarsamninga.

Aðstoð þegar launagreiðandi verður gjaldþrota, t.d. innheimtu launa.

Ráðgjöf og aðstoð lögmanna félagsins þegar þörf krefur vegna vinnuréttarmála, slysmála og jafnvel annarra mála.

Aðstoð fyrir erlenda félagsmenn/vinnufélaga, túlkun og ráðgjöf.

Veigamikla aðstoð sjúkrasjóðs við veikindi og slys.

Styrki úr sjúkrasjóði.

Niðurgreiðslu og afnot af orlofshúsum og íbúðum.

Styrki til þátttöku í námskeiðum og námi.

Aðgang að námskeiðum félagsins – niðurgreiddum eða ókeypis.

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn Einings-Íðju eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

ER TRÚNAÐARMAÐUR Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

460 3600

WWW.EIN.IS

KJARASAMNINGAR

Kjarasamningur er skriflegur samningur sem gerður er milli stéttarfélags annars vegar og atvinnurekanda hins vegar um kaup og kjör og nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssvæði stéttarfélagsins.

Kjarasamningur tryggir lágmarksréttindi og kveður t.d. á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, matar- og kaffitíma, orlof, veikinda- og slysarétt, uppsagnarfrest og fleiri atriði sem snerta kjör fólks.

HELSTU KJARASAMNINGAR FÉLAGSINS:

Samtök Atvinnulífsins (almenni markaðurinn)

Sveitarfélögin


Ríkið, þar á meðal ýmsir stofnanasamningar

Sérkjarasamningar

EF ÞÚ ERT Í VAFA UM RÉTTINDI ÞÍN SKALTU EKKI HIKA VIÐ AÐ LEITA EFTIR UPPLÝSINGUM

FJALLABYGGÐ

DALVÍK



AKUREYRI

VEISTU HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG?

SJÚKRASJÓÐUR

Verkefni sjóðsins er að veita sjóðsfélögum Sjúkrasjóðs Einingar-löju fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Einnig að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-löju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 27. hvers mánaðar.


FÉLAGSMENN GETA T.D. FENGIÐ STYRK VEGNA:

- krabbameinsleitar
- sjúkranudds
- sjúkrabjálfunar
- glasafrjógvunar
- veikinda barna eða maka
- líkamsræktar
- kaupa á heyrnartækjum
- kaupa á gleraugnaglerjum og linsum
- viðtala við sálfræðinga og geðlækna
- útfararkostnaðar

2

3

Eining-löja á sjúkraíbúðir í Reykjavík. Þær eru ætlaðar til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðirnar eru leigðar eftir því sem félagsmönnum hentar.



4

ORLOFSSJÓÐUR

Félagsmenn eiga kost á að fá orlofshús eða orlofsíbúðir á leigu á sumrin í öllum landshlutum og sex góðir valkostir eru í vetrarleigunni, þ.e.a.s. hús á Illugastöðum, Tjarnargerði, Einarstöðum og Svignaskarði og íbúðum á höfuðborgarsvæðinu og á Egilsstöðum. Vetrarleigan hefst 15. september og stendur til 1. júní ár hvert.

Boðið hefur verið upp á þrjár ferðir undanfarin ár fyrir félagsmenn. Utanlandsferð, "Fjallaferð" innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn.

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast "Vika að eigin vali" og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Styrkloforðum er úthlutað eins og orlofshúsunum.

460 3600 WWW.EIN.IS

FRÆÐSLUSJÓÐUR

Félagið er aðili að öflugum fræðslusjóðum; Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hægt er að sækja um styrki ef farið er á námskeið eða ef vinna er stunduð með styrkhæfu námi. Einnig er hægt að sækja um styrk vegna náms til aukinna ökuréttinda. Þá er veittur styrkur vegna tómsundanámskeiða, vegna íslenskunáms, vegna kaupa á hjálpartækjum fyrir lestrar- og ritstuðning og ferða- og dvalarstyrkir.

Hafðu samband við skrifstofur félagsins og fáðu nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla til að eiga rétt á styrk.

Nánari upplýsingar í síma 460 3600, á [www.ein.is](http://WWW.EIN.IS) og ein@ein.is

6

FÉLAGAFRELSI

Launamönnum er frjálst að standa utan stéttarféлага, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Eru þeir þá aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir viðkomandi kjarasamningum félagsins. Aukafélagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?

